

D Ó M U R

Héraðsdóms Austurlands fimmtudaginn 28. júní 2007 í máli nr. S-48/2007:

Ákærvaldið

(Sigríður Elsa Kjartansdóttir saksóknar)

gegn

Samúel Karl Sigurðssyni og

(Kristín Edwald hrl.)

X

(Brynjar Nielsson hrl.)

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að aflokinni aðalmeðferð 22. maí sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 6. mars 2007, á hendur Samúel Sigurðssyni, kennitala 000000-0000, Eyrarstíg 1, Reyðarfirði og X, kennitala 000000-0000, [heimilisfang], “fyrir almannahættubrot þriðjudaginn 27. júní 2006, eins og hér greinir:

1. Gegn ákærða Samúel, með því að hafa, í starfi sínu sem stöðvarstjóri Olís á Reyðarfirði, afgreitt 1000 lítra af ediksýru (CH_3COOH) í tanki sem merktur var “EDIKSÝRA 80%” í stað 1000 lítra af 15% klórlausn (NaOCl), sem nota átti í sundlaug Eskifjarðar, Dalbraut 3a, Eskifirði, og gefið meðákærða, sem þá var einnig starfsmaður hjá Olís, fyrirmæli um að fara með tankinn til Eskifjarðar og dæla innihaldi hans á klórtank sundlaugarinnar.

2. Gegn ákærða X með því að hafa flutt tankinn að sundlaug Eskifjarðar, tengt hann með slöngu við klórtank í kjallara sundlaugarinnar og dælt um 200 lítrum af innihaldi tanksins yfir á klórtankinn án þess að kanna merkingar eða ganga að öðru leyti úr skugga um að hann væri að dæla klórlausn á klórtankinn.

Leiddi þetta til þess að ediksýran blandaðist saman við 300 lítra af klórlausn sem fyrir voru í klórtankinum og myndaðist við það eitruð lofttegund, klórgas (Cl_2),

sem smaug um kjallarann, út um loftop og yfir sundlaugarsvæðið og nágrenni þess. Afleiðingar þessa urðu þær að 45 einstaklingar sem voru á svæðinu urðu fyrir eitúráhrifum gassins er þeir önduðu að sér gasinu og lýstu áhrifin sér aðallega í sviða í augum, uppköstum, ertingu og verkjum í öndunarfærum og lungum sem í alvarlegustu tilvikum leiddi til mikilla öndunarerfiðleika. Auk þessa skapaðist hætta á að fjöldi fólks, sem var á sundlaugarsvæðinu, yrði fyrir eitúráhrifum gassins.

Telst háttsemi ákærðu varða við 1. mgr. 167. gr., sbr. 165. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar.”

Við munnlegan málflutning leiðrétti sækjandi heimfærslu háttseminnar til refsíakvæða, þ.e. að hið rétta væri að háttsemin ætti undir 1. mgr. 165. gr., sbr. 167. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Af hálfu ákærða Samúels er aðallega krafist sýknu og að sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, en til vara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og að sakarkostnaður verði að mestu leyti lagður á ríkissjóð.

Af hálfu ákærða X er krafist sýknu og að allur sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun greiðist úr ríkissjóði.

II.

Málavextir.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu dags. 28. júní 2006 barst lögreglu tilkynning frá fjarskiptamiðstöð kl. 13.38 þriðjudaginn 27. júní 2006 um klóróhapp við sundlaug Eskifjarðar. Í skýrslunni segir að þegar lögreglumenn hafi komið á vettvang skömmu síðar hafi þeir séð tvo menn sitja á gangstétt við bílastæðið og hafi þeir báðir greinilega verið illa haldnir, en þeir hafi hóstað og liðið mjög illa. Fjöldi sundlaugargesta, bæði börn, unglingar og fullorðið fólk, sem og starfsmenn sundlaugarinnar hafi verið á lóðinni fyrir utan sundlaugina að austanverðu með mismikil einkenni. Mörg barnanna hafi átt mjög erfitt með að draga andann og sumum þeirra hafi verið óglatt og þau kastað upp. Foreldrar og aðrir aðstandendur hafi verið að sinna þeim sem orðið hefðu fyrir eitrun. Einnig hafi fólk sem komið hefði á staðinn verið beðið um að hjálpa til.

Í skýrslunni segir að hringt hafi verið á í Neyðarlínuna og beðið um mikla aðstoð bæði frá læknum og sjúkraliði. Þá hafi upplýsingar borist um það að slökkvilið væri á leiðinni á staðinn. Einnig hafi verið kallaðir út fleiri lögreglumenn. Þá hafi verið haft samband við heilsugæslustöðina á Eskifirði og rætt við lækni, en hann hafi tjáð lögreglu að hann væri með þrjá sundlaugargesti með slæm einkenni hjá sér og kæmist því ekki frá. Lögreglumenn hafi síðan farið að hlúa að veiku fólki á vettvangi. Sjúkraflutningamenn frá Eskifirði hafi komið á staðinn á þessum tíma og farið að sinna fólkinu en ljóst hafi verið að fjöldi fólks þyrfti á aðhlynningu að halda. Fólk hafi verið sett í sjúkrabíla og eins og hafi fólki verið skipað að fara strax á heilsugæslustöð Eskifjarðar með alla þá sem voru með einhver einkenni.

Sjúkrabifreið frá Bechtel á álverslóðinni í Reyðarfirði hafi komið á staðinn með pólskan lækni og hjúkrunarfræðing auk tveggja sjúkraflutningamanna. Læknirinn hafi farið að sinna Óðni Loga Þórisssyni og Jens Kristjánssyni, en það hafi verið mennirnir tveir sem lögregla hafi komið fyrst að og verið illa haldnir. Þeir hafi báðir sagst hafa verið við vinnu í kjallara sundlaugarinnar þegar þeir hefðu veitt því athygli að gólfíð var allt í einu orðið skærgult. Þeir hefðu þá hraðað sér út og séð að liturinn varð grænn á leiðinni út.

Í skýrslunni kemur fram að á heilsugæslustöðina hafi komið til aðstoðar hjúkrunarfræðingar frá dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hulduhlíð á Eskifirði. Þá hafi komið sjúkralið og læknar frá Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Egilstöðum og Neskaupsstað ásamt lækni, hjúkrunarfræðingi og sjúkraflutningamönnum frá Bechtel. Skömmu eftir tilkynninguna hafi því verið samtals átta læknar, fjórir hjúkrunarfræðingar og einn sjúkraliði við störf á heilsugæslustöðinni á Eskifirði. Lögreglumaður hafi verið sendur í umferðarstjórnun í Oddskarðsgöngum þar sem ljóst hafi verið að flytja þyrfti marga með sjúkrabílum á Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupsstað. Þá hafi lögreglumaður verið sendur á heilsugæslustöðina á Eskifirði til að skrá niður alla þá sem kæmu þangað til aðhlyningar og hvert þeir væru sendir. Í skýrslunni segir enn fremur að teknar hafi verið ljósmyndir á vettvangi og atburðurinn einnig festur á myndband.

Í skýrslunni kemur fram að vettvangur hafi verið rýmdur undir stjórn lögreglu. Síðar hafi verið tekin ákvörðun um að rýma stærra svæði þar sem vart hefði verið klórgasmengunar í hverfinu vestan við sundlaugina. Hafi Leikskólinn Dalborg verið rýmdur og 14 íbúðarhús í næsta nágrenni. Á vettvang hafi komið slökkvilið Fjarðabyggðar, svo og björgunarsveitarmenn frá Eskifirði, Reyðarfirði og Egilsstöðum og hafi þeim verið falin umferðarstjórnun og lokun aðkomuleiða að sundlauginni og hverfinu vestan og norðan við sundlaugina. Einnig hafi björgunarsveitarmenn aðstoðað á heilsugæslustöðinni á Eskifirði. Björgunarsveitin í Neskaupsstað hafi verið kölluð út og hún séð um að loka aðalgötum bæjarins fyrir allri umferð nema umferð sjúkrabifreiða á leið þeirra til Fjórðungssjúkrahúsins. Opnaðar hafi verið fjöldahjálparstöðvar á Eskifirði og í Neskaupsstað, en þangað hafi margir aðstandendur sótt og fengið áfallahjálp og leiðbeiningar.

Í skýrslu lögreglu segir að lögreglan á Eskifirði hafi verið í sambandi við samhæfingarmiðstöð almannavarna í Skógarhlíð sem hafi verið kölluð saman. Í Reykjavík hafi greiningarsveit LSH í Fossvogi einnig verið virkjuð og síðan send með flugi til Egilsstaða, en flugvél frá Flugfélagi Íslands hafi verið rýmd til að sinna þessu verkefni. Sjö eiturefnakafarar frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins hafi einnig verið sendir til Eskifjarðar. Þýrla Landhelgisgæslunnar, TF-Líf, hafi verið send til Neskaupsstaðar og Fokker flugvél gæslunnar til Egilsstaða. Þá hafi tvær sjúkraflutningavélar verið sendar frá Akureyri til Neskaupsstaðar.

Í frumskýrslu lögreglu segir að alls hafi 34 verið sendir á heilsugæslustöðina til aðhlyningar og af þeim hafi 26 verið sendir með sjúkrabílum á sjúkrahúsið í Neskaupsstað. Tveir þeirra hafi verið sendir með sjúkraflugi til Akureyrar og 4 með sjúkraflugi til Reykjavíkur.

Í skýrslunni kemur fram að rætt hafi verið við sundlaugarverðina Árbjörn Magnússon og Andra Þórhallsson á vettvangi. Haft er eftir Árbirni að dæling klórs á klórtank í kjallara sundlaugarinnar hafi staðið yfir þegar eitthvað hefði gerst og

fólk átt erfitt með andardrátt. Haft er eftir Andra að hann hafi verið við afgreiðslu þegar eitrunarinnar hefði orðið vart og að hann hefði þá strax farið í það ásamt fleirum að reka fólk upp úr laug og út úr sundlaugarbyggingunni.

Þá hafi verið rætt við ákærða X á vettvangi. Í skýrslunni er eftir honum haft að hann hafi verið að dæla klór í klórtank sundlaugarinnar þegar eitthvað hefði gerst, þ.e. gas myndast, sennilega klórgas. Hann hefði strax hætt að dæla þegar hann hefði séð að eitthvað var að en sagðist ekki vita hversu miklu magni hann hefði dælt í tankinn. Haft er eftir ákærða að hann hafi beðið Árbjörn sundlaugarvörð um að hringja strax í slökkviliðið. Einnig er eftir honum haft að yfirmaður hans, Samúel Karl Sigurðsson, hafi sent hann í þetta verkefni. Í skýrslunni segir að ákærði hafi verið mjög miður sín og talið að í klórtankinum sem hann flutti frá Reyðarfirði í sundlaugina á Eskifirði hefði verið klór. Einnig hefði hann sagt að hann hefði heyrt að klór hefði áður verið sendur í tanki merktum ediksýru.

Í skýrslunni segir að bifreiðin sem ákærði hefði komið á hafi verið staðsett við suðurenda laugarinnar og verið bakkað að inngangi niður í kjallara sundlaugarbyggingarinnar. Sendibifreiðin hafi verið opin að aftan og inn í henni hafi verið stór plasttankur sem hafi verið merktur “Ediksýra 80%”. Frá tankinum hafi legið slanga í klórtank laugarinnar sem hafi verið í lítilli geymslu við hliðina á kjallaranum.

Í skýrslu lögreglu segir að ákærði Samúel Karl Sigurðsson hafi komið á vettvang. Hann hafi tjáð lögreglu að það hefði gerst áður að klórtankur merktur ediksýru hefði verið sendur til hans. Hann hafi álitid að 150 til 200 lítrum af ediksýru hefði verið dælt í klórtank sundlaugarinnar en lítið hefði verið af klór í klórtankinum áður en dæling hefði hafist. Ákærði hafi kannað aðstæður og í framhaldi af því hafi honum verið tjáð að lögregla legði hald á bifreiðina í þágu rannsóknar málsins. Hafi hann verið samþykkur því. Hann hafi síðan ekið bifreiðinni að bílastæði við mjölverksmiðju Eskju á Eskifirði og hafi lögreglumenn farið með honum. Lyklar að bifreiðinni hafi síðan verið teknir í vörslu lögreglu.

Í skýrslunni segir að aðgerðum á vettvangi hafi lokið kl. 18.45 umræddan dag. Hinn 29. júní hafi verið rætt við Jóhönnu Rafnsdóttur lækna ritara á heilsugæslustöð Eskifjarðar. Hún hafi tjáð lögreglu að fólk væri enn að koma til skoðunar á stöðina vegna mengunarslyssins, þ.á m. foreldrar með börn sín, enda væru áhrif mengunarslyssins enn að koma í ljós. Samtals hefðu 52 einstaklingar verið meðhöndlaðir vegna slyssins.

Í rannsóknarskýrslu málsins, sem undirrituð er af Elvari Óskarssyni lögreglufulltrúa, kemur fram að Sundlaug Eskifjarðar sé nýbygging, sem tekin hafi verið í notkun 19. maí 2006. Einnig kemur fram að hún sé staðsett vestan við þjóðveg 92 í botni Eskifjarðar. Rannsókn á vettvangi hafi leitt í ljós að sendibifreið frá Olís, VN 380, af tegundinni Toyota Hiace hafi staðið á aðkeyrslu sunnan við sundlaugina. Í henni hafi verið 1.000 lítra brettatankur (IBC) úr plasti með álgrind. Ákærði X, starfsmaður Olís á Reyðarfirði, hafi komið á bifreiðinni að sundlauginni með fyrrgreindan tank og gengið frá tengingu á milli hans og birgðatanks sundlaugarinnar. Árbjörn Magnússon, starfsmaður sundlaugarinnar, hafi opnað dyr að geymslurými fyrir klór svo afgreiðsla gæti farið fram. Við rannsókn á vettvangi hafi komið fram að 200 lítrar af ediksýru hafi farið á klórtankinn, en þar hafi verið fyrir 300 lítrar af klór.

Í rannsóknarskýrslunni segir enn fremur að loftræsting í sundlauginni á Eskifirði sé með þeim hætti að í kjallara sé loftræsting sem taki inn loft um inntak við hurð að kjallara og dæli því um kjallarann en síðan einnig yfir í klórgeymsluna þar sem hún endi. Ofan við hurð að klórgeymslunni vinstra megin sé gat inn í klórgeymsluna og leiti loftið þar út. Í sjálfri sundlaugarbyggingunni þar sem búnings- og sturtuklefar séu ásamt starfsmannaaðstöðu, sé sjálfstæð loftræsting út um þak byggingarinnar. Þar sem hurð að klórgeymslu hafi verið opin er áfylling hafi átt sér stað, auk þess sem hurð inn í kjallara sundlaugarinnar hafi verið opin, hafi klórgasið átt greiða leið inn í kjallarann. Vindur hafi verið 6-8 m/s úr austri eða suðaustri og staðið aðeins á ská á bygginguna. Vindur hafi því átt þátt í að draga með sér gasið upp úr rýminu við klórgeymsluna og yfir sundlaugargarðinn.

Meðal gagna málsins er skýrsla Vinnueftirlits ríkisins dags. 29. júní 2006 vegna umrædds atburðar í sundlauginni á Eskifirði. Í niðurstöðukafla hennar segir að ljóst virðist vera að röng afgreiðsla á efni, ediksýru, UN 2790, í stað 15% klórlausnar, UN 1791, og áfylling sýrunnar á tankinn í sundlauginni, sem innihaldið hafi lítið magn af klórlausn, hafi verið orsakavaldur að óhappinu. Við blöndun sýru við klórlausn myndist klórgas (Cl_2) sem sé eitruð lofttegund (T) með daufan grængulan lit og skarpa stingandi lykt. Klórgas sé um 2,5 sinnum þyngra en andrúmsloftið, en leysni þess í vanti sé 0,7 (þungi, %).

Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram að merkingar á brettatankinum (IBC) frá Olís hafi verið samkvæmt ADR-reglunum, þ.e. UN 2790, varúðarmerki nr. 8, corrosive (ætandi), en einungis á einni hlið en eigi einnig að vera á gagnstæðri hlið. Gerðar hafi verið athugasemdir við það að engin fylgigögn hafi verið í bílnum en gerð sé krafa um ADR-farmbréf við flutning á 15% klórlausn. Við flutning á 80% ediksýru í meira magni en 333 l sé einnig krafa um flutningsslysakort. Enginn fylgibúnaður hafi verið í bílnum. Við flutning á 15% klórlausn sé gerð krafa um eitt 2 kg duftslökkvitæki og við flutning á 80% ediksýru í meira magni en 333 l sé gerð krafa um fullkominn fylgibúnað samkvæmt ADR-reglunum. Þá eru gerðar athugasemdir við að brettatankurinn hafi verið laus í bílnum og billin ómerktur. Loks er tekið fram að við flutning á 15% klórlausn sé ekki gerð krafa um ADR-réttindi, en þess sé hins vegar krafist við flutning á 80% ediksýru í meira magni en 333 l. Einnig að samkvæmt ADR-reglunum sé ekki gerð krafa um að heiti efnisins komi fram á umbúnum heldur einungis UN-númerið og viðeigandi varúðarmerki. Í þessu tilviki hafi heitið þó komið fram á umbúðunum, bæði á ensku og íslensku.

Meðal gagna málsins er skýrsla lögreglu dags. 12. júlí 2006 um “flutning og afgreiðslu efna til umboðs”. Þar kemur fram að daginn áður hafi lögregla farið í umboð Aðalflutninga á Egilsstöðum og rætt við forsvarsmann fyrirtækisins, Birgi Vilhjálmsson. Fram hafi komið hjá honum að fyrirtækið sæi að mestu um flutninga fyrir Olís og að þeir sem flyttu efnin væru með ADR-réttindi. Efnin ediksýra og klór væru alltaf flutt aðskilin, en ef bæði efnin væru í sömu ferð væri annað í vagni en hitt í vörukassa bifreiðarinnar. Ýmist flyttu þeir efnin beint til kaupanda eða færu með efnin í umboðið á Reyðarfirði. Birgir hafi tjáð lögreglu að slík efni væru ekki geymd í vöruafgreiðslu fyrirtækisins fyrir utan að þeir sæju um að fylla á klórgeymi við sundlaugina á Egilsstöðum fyrir Olís á Reyðarfirði. Nokkuð af efnun hefði komið austur fyrir slysið á Eskifirði og sagðist hann vita að eitthvað af efnun hefði farið til bræðslna á svæðinu. Sagðist hann ekki minnst þess að klórtankur hefði verið í umboðinu þegar slysið varð en sagðist þó ekki geta fullyrt

um það. Fylgibréf vegna flutninganna austur væru þau einu sem til staðar væru þar sem ekki væru útbúin sérstök bréf vegna flutninga frá vöruafgreiðslunni á Egilsstöðum og til afhendingarstaðar. Því væru ekki til nein skjöl um flutninga eða afhendingu á efni eftir að það kæmi austur. Oft kæmi nokkuð magn í einu og síðan væri því dreift beint til kaupenda a svæðinu að ósk umboðsins á Reyðarfirði.

Meðal gagna málsins er pöntun umboðs Olís á Reyðarfirði á vörum frá lager fyrirtækisins í Reykjavík dags. 19. júní 2006. Þar kemur fram að pantaður hefur verið einn 1220 kg tankur af klór 15% og 12 1000 kg tankar af ediksýru 80%. Þá hefur verið lagt fram vörufylgibréf dags. 20. júní 2006 vegna afhendingar á 8 tönkum af ediksýru frá Olís í Reykjavík til umboðsins á Reyðarfirði. Einnig liggur frammi vörufylgibréf merkt Aðalflutningum dags. 21. júní 2006 vegna afhendingu umboðs Olís á Reyðarfirði á “5 edik 1000 lítra” til “Bræðsla Nes” og sams konar vörufylgibréf dags. 22. júní 2006 um afhendingu á “5 edik 6 tonn” til sama aðila. Loks liggur frammi vörufylgibréf (hleðsluseðill) dags. 21. júní 2006 frá Olís Reykjavík til Olís Reyðarfirði vegna 3 tanka og 5 bretta.

Loks hafa verið lögð fram í málinu áverkavottorð lækna hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands vegna 53 einstaklinga sem komu til skoðunar á heilsugæslustöðinni á Eskifirði í kjölfar klórgasmengunarinnar í sundlaug Eskifjarðar í umrætt sinn. Samkvæmt vottorðunum fengu 45 þessara einstaklinga einhver einkenni vegna eituráhrifa klórgassins.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dóminum og hjá lögreglu eftir því sem þurfa þykir:

Ákærði Samúel Sigurðsson neitaði sök. Hann sagðist vera svæðisstjóri Olís á Austurlandi og annast sölu og dreifingu á vörum Olís á Austurlandi. Hann sagði að umræddan dag hefði Árbjörn, yfirmaður sundlaugarinnar á Eskifirði, haft samband við hann og pantað klór. Sá háttur væri hafður á að umboðið pantaði klór jafnharðan og pantanir bærust, en héldi ekki birgðir í miklu magni. Hann sagðist hafa vitað að komið væri að því að fylla á klórtankinn í sundlauginni og því hefði hann verið búinn að panta klórinn að sunnan áður en Árbjörn hringdi. Klórtankurinn hefði komið með Aðalflutningum austur ásamt fleiri vörum, sem pantaðar hefðu verið. Þegar komið hefði verið með tankinn til hans hefði honum verið tjáð að um væri að ræða klórtankinn sem hann hefði pantað fyrir sundlaugina á Eskifirði. Sagðist hann hafa sett tankinn í lokaðan gám þar sem klórinn þyldi illa birtu og sólarljós. Þar hefði tankurinn verið geymdur þar til hann hefði verið fluttur til Eskifjarðar. Sagðist hann hafa tekið tankinn úr gámnum og komið honum fyrir í sendibifreiðinni og gert bifreiðina klára fyrir flutninginn til sundlaugarinnar á Eskifirði. Hann sagðist hafa beðið meðákærða um að fara með tankinn í sundlaugina og afgreiða klórinn til sundlaugarinnar. Hann sagði að meðákærði hefði ýmist farið einn í þessar sendiferðir eða þeir tveir saman, en í þetta skiptið hefði meðákærði farið einn. Fyrirmælin sem meðákærði hefði fengið frá honum hefðu aðeins verið þau að fara með klórtank í sundlaugina á Eskifirði. Ákærði sagðist ekki hafa athugað sérstaklega merkingar á tankinum áður en hann kom honum fyrir í bifreiðinni enda sagðist ekki hafa haft ástæðu til þess þar sem tankurinn hefði verið afhentur honum sem klórtankur. Þá sagðist hann ekki hafa athugað sérstaklega merkingar á tankinum þegar hann fékk tankinn afhentan frá Aðalflutningum heldur aðeins kvittað á fylgibréf fyrir afhendingu á honum og bretti af vörum. Umrætt fylgibréf væri merkt IV, 5-3 í gögnum málsins. Um leið hefðu

starfsmenn Aðalflutninga sagt: “Þetta er klórinn sem þú átt að fá, en hinn klórinn er uppi á Egilsstöðum fyrir sundlaugina þar”. Á fylgibréfinu kæmu fram tveir tankar af klór. Hann sagðist ekki hafa séð ástæðu til að athuga merkingar á tankinum þar sem hann hefði pantað klór og fengið tankinn afhentan sem klór. Hann sagði að síðar hefði klórtankurinn fundist ásamt ediksýru við bræðsluna hjá Síldarvinnslunni á Neskaupsstað. Hann hefði sjálfur haft upp á tankinum. Sagðist hann halda að starfsmenn Aðalflutninga hefðu flutt klórtankinn þangað.

Aðspurður sagðist hann hafa starfað í tæp 9 ár hjá Olís á Reyðarfirði. Hann sagðist ekki hafa farið á sérstakt námskeið um meðferð þeirra efna sem Olís seldi og dreifði. Hann sagði að á innra neti fyrirtækisins væri hins vegar góður gagnagrunnur um meðferð þessara efna. Þá sagðist hann ekki vera með ADR-réttindi og ekki hafa starfað við flutninga á þessum efnum. Hann sagði að þegar umræddir atburðir gerðust hefði hann ekki gert sér grein fyrir að klórgas myndaðist við að blanda saman ediksýru og klór. Hann sagðist þó hafa gert sér grein fyrir að það mætti ekki blanda þessum efnum saman, en sagðist ekki hafa gert sér grein fyrir hættunni, sem af því gæti skapast. Sagðist hann vera fróðari í dag um þess efni en á þeim tíma sem um ræddi. Aðspurður sagðist ákærði vera með grunnskólapróf og að hafa lokið tveimur árum í iðnskóla. Ákærði sagðist þekkja öryggisleiðbeiningar á skjali merktu IV, 6-1, en sagðist ekki hafa kynnt sér þessar leiðbeiningar sérstaklega áður en atvik máls þessa gerðust. Hann sagði að aðilar með ADR-réttindi sæju um að flytja þessi efni fyrir Olís og starfsmenn Olís væru ekki að vinna með þessi efni. Áður hefðu starfsmenn Olís afgreitt maurasýru og ediksýru úr gámi, sem hefði verið staðsettur á hafnarsvæðinu á Reyðarfirði. Ediksýra hefði því aldrei komið inn á athafnasvæði Olís. Ediksýran hefði alltaf verið geymd sér og því ekki verið afgreidd með öðrum efnum eins og klór. Sagðist hann yfirleitt hafa pantað bíl til að flytja ákveðinn fjölda ediksýrutanka, en sagðist aldrei hafa flutt ediksýru sjálfur. Ákærði sagðist hins vegar ekki hafa vitað á þessum tíma að ekki mætti flytja ediksýru og klór í sama bíl. Ákærði sagðist hvorki hafa verið hvattur né lattur af yfirmönnum sínum til að kynna sér áðurnefndar öryggisleiðbeiningar. Allar þessar upplýsingar væru hins vegar á innra neti fyrirtækisins og þangað hefði hann t.d. sótt flutningseyðublöð.

Aðspurður sagði ákærði að merkingar á brettatankinum hefðu verið mjög máðar og merkingarnar á þessum tönkum væru mjög líkar þótt um ólík efni væri að ræða. Hann sagði að efri myndin á bls. 3 í skjali merktu I, 2 gæfi ekki rétta mynd af skýrleika merkingarinnar. Sambærileg merking á klórtanki væri alveg eins að lit og útliti að öðru leyti. Hann sagði að lögreglan hefði afhent honum lykla að sendibifreiðinni um kvöldið og hann hefði náð í bílinn á Eskifjörð daginn eftir. Hann sagði að brettatankurinn hefði verið í bílnum og hann verið settur í eyðingu. Þá hefði ekki verið búið að boða hann í skýrslutöku og að ekki hefði hvarflað að honum að hann myndi fá réttarstöðu grunaðs manns við rannsókn málsins.

Aðspurður af verjanda meðákærða sagði ákærði að hann hefði beðið meðákærða um að fara með klórtank í sundlaugina á Eskifirði, en þetta væri eitt af þeim verkum sem til féllu í umboðinu. Sagðist ákærði sjálfur hafa sett klórtankinn í bifreiðina og bifreiðin hefði verið tilbúin til flutnings á tankinum þegar meðákærði hefði komið til hans. Hann sagði að þeir Árbjörn hefðu verið búnir að ræða það að afgreiðsla á klórnum færi fram eftir hádegi þennan dag. Sagðist hann hafa sagt við meðákærða að hann væri búinn að setja klórinn í bílinn og að það þyrfti að fara með hann til Eskifjarðar eftir hádegi.

Hann sagði að meðákærði hefði hringt í sig frá vettvangi og sagt sér frá því sem gerst hefði. Áður hefði meðákærði þó verið búinn að hringja í neyðarlínu. Sagðist ákærði strax hafa sett sig í samband við starfsmann Olís í Reykjavík, Þorstein Ólafsson efnaverkfræðing og sagt honum frá atvikinu. Þorsteinn hefði strax sett sig í samband við lögregluna á Eskifirði og upplýst þá um hvað væri að gerast og hvernig ætti að bregðast við. Þorsteinn hefði síðan farið niður í Skógarhlíð og leiðbeint mönnum hvað varðaði efnafræðilega hlið málsins. Sjálfur sagðist ákærði strax hafa farið yfir á Eskifjörð og tekið við af meðákærða á vettvangi og sent hann heim. Sagðist hann hafa farið í það að aftengja tankinn og bjarga því sem bjargað varð. Aðspurður sagði ákærði að þær breytingar hefðu verið gerðar á afgreiðslu þessara efna að umboðið ætti þessi efni ekki lengur á lager heldur væri þau send beint til kaupenda, bæði ediksýra og klór. Starfsmenn flutningafyrirtækisins, sem væru með ADR-réttindi, sæju um það í dag að afhenda klór til sundlauganna. Aðspurður sagði ákærði að komið hefði fyrir að leifar af gömlum merkingum hefðu verið á tönkunum sem komið hefðu frá fyrirtækinu í Reykjavík, þ.e. búið hefði verið líma nýjan miða á tankinn en enn sést í þann gamla. Hann sagði að allir tankarnir væru alveg eins, hvort sem í þeim væru ediksýra eða klór.

Aðspurður sagði ákærði að atvikið hefði haft slæm áhrif á sig andlega. Hann hefði orðið kvíðinn og hafa átt erfitt með svefn. Sagðist hann hafa orðið að nota kvíðastillandi lyf og orðið að vinna mikið í sínum málum eftir að þetta gerðist.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 29. júní 2006 sem er í meginatriðum í samræmi við framburð hans fyrir dómi. Hjá lögreglu sagðist ákærði þó hafa vitað að ekki mætti flytja klór og ediksýru saman og að hafa fræðst um meðferð efnanna með því að lesa öryggisleiðbeiningar fyrirtækisins. Þá sagði ákærði að mikið af klór og ediksýru, sem fyrirtækið seldi, færi beint til kaupenda, en nokkuð af þessum efnum kæmi til hans og væri afgreitt af honum. Hann sæi sjálfur um að koma um 130 tonnum af ediksýru til kaupenda á hverju ár og að um 15.000 til 20.000 lítrar af klór færu um hans hendur á hverju ári. Þessi efni væru geymd aðgreind hjá honum, það klór í sérstökum læstum gámi og ediksýran á öðrum stað.

Ákærði, X, neitaði sök. Hann sagðist hafa starfað sem lagermaður hjá umboði Olís á umræddum tíma og verið undirmaður meðákærða. Sagðist hann hafa starfað við bensínafgreiðslu hjá Olís meðfram skóla á vetrum en í umboði fyrirtækisins á sumrin, allt frá því að hann lauk 7. bekk í grunnskóla. Nú stundaði hann nám í framhaldsskóla.

Hann sagði að meðákærði hefði hringt í hann umræddan morgun og tjáð honum að nú vantaði klór í sundlaugina á Eskifirði. Hefði meðákærði spurt hann hvort hann gæti fundið tíma til að fara með klórinn í sundlaugina, en mikið hefði verið að gera hjá þeim þar sem þeir hefðu verið klára breytingar og stilla upp vörum í nýbreyttri bensínafgreiðslustöðinni. Þeir meðákærði hefðu talað um að fara með klórinn til Eskifjarðar strax eftir hádegi og að bíllinn yrði tilbúinn þegar hann kæmi úr hádegismat. Um eittleitið hefði meðákærði síðan verið búinn að ferma bifreiðina og hún verið tilbúin til flutnings á klórnum til Eskifjarðar. Ákærði sagðist ekki hafa skoðað farminn sérstaklega en séð hefðbundinn klórtank aftur í bílnum. Sagðist hann síðan hafa sest upp í bílinn og ekið af stað til Eskifjarðar og komið þangað um 13.30. Þar hefði hann hitt fyrir Árbjörn og hefði hann opnað fyrir honum klórgeymsluna. Síðan sagðist ákærði hafa bakkað upp að kjallaranum, farið í

gallann og hanskana og tengt slönguna á milli tankanna. Til öryggis hefði hann fest slönguna við birgðatankinn niðri í kallaranum þar sem hún hefði legið laus ofan í víðu opinu ofan á tanknum. Í millitíðinni hefði Árbjörn farið ofan í kjallarann um stiga úr starfsmannaádstöðunni og þegar ákærði hefði verið að byrja dælingu hefði Árbjörn komið upp tröppurnar og verið nýbúinn að fara fram hjá klórgeymslunni og séð klórinn renna. Sagðist ákærði því hafa talið óþarft að fara niður í kjallarann til að athuga hvort ekki væri allt í lagi. Nokkru síðar þegar hann hefði verið staddur við innganginn ofan í kjallarann hefði hann fundið lykt og séð gult ský og á sama tíma heyrt að fólk var farið að ókyrrast í sundlauginn. Ákærði sagðist ekki hafa verið búinn að losa loftop ofan á brettatankinum í bílnum og því hefði ekki verið komið fullt rennsli á klórinn. Það sagðist hann ekki gera fyrr en hann væri búinn að fullvissa sig um að allt væri í lagi við birgðatankinn. Ákærði sagðist hafa skrúfað strax fyrir þegar hann hefði orðið var við að eitthvað var að og síðan ætlað niður í kjallarann til að athuga með starfsmenn sem hann vissi af að voru við vinnu niðri í kjallaranum. Hann hefði hins vegar mætt þeim í miðjum tröppunum á leiðinni niður. Hann sagðist hafa beðið Árbjörn um að hringja á slökkviliðið. Honum hefði fundist vera smá fát á Árbirni og því hefði hann einnig hringt sjálfur í neyðarlínuna. Áður hefði hann verið búinn að fullvissa sig um að ekki væru fleiri niðri í kjallaranum. Á meðan hann hefði verið að tala við neyðarlínuna hefði hann hlaupið inn í sundlaugarbygginguna og kallað og horft yfir til að athuga hvort allir væru komnir út úr byggingunni. Einnig hefði hann spurt starfsmann úti á plani hvort ekki væri öruggt að allir væru komnir út. Á þeim tímapunkti hefði hann áttað sig á því að fólk var farið að veikjast og sumir hafi verið illa haldnir og þó aðallega þeir sem hefðu verið niðri í kjallaranum. Hann sagðist hafa tilkynnt neyðarlínunni að þegar hann hefði verið að dæla klór hefði komið gult ský og lykt. Hann hefði hins vegar ekki vitað frekar hvað hefði gerst.

Ákærði sagðist ekkert hafa vitað um ediksýru þar sem hann hefði ekki þurft að umgangast hana, en hann hefði fengið upplýsingar um að varast það að fá klórinn á fötin og húðina. Því hefði hann farið í sérstakan vinnugalla og hanska þegar hann afgreiddi klórinn. Hann sagði að fræðslan sem hann hefði fengið um meðferð klórsins hefði verið á miðunum sem fylgdu vörunni. Einnig hefði meðákærði beðið hann um að passa sig við meðhöndlun klórsins, t.d. að anda klórnum ekki að sér. Aðspurður sagðist hann hafa séð öryggisleiðbeiningar á skjali merktu IV, 6-1 eftir að atvik málsins gerðust. Hann sagðist ekki hafa verið kunnugur gagnagrunni af þessu tagi á innra neti fyrirtækisins.

Ákærði sagðist ekki hafa athugað sérstaklega merkingar á brettatankinum áður en hann tengdi slönguna á milli tankanna og hóf dælingu. Hann sagðist hins vegar hafa séð miðann út undan sér og kannast við hann, en hann hefði verið eins og þeir miðar sem væru venjulega á klórtönkunum. Hann sagðist hafa gert sér grein fyrir á þessum tíma að ef tvö efni af þessu tagi blönduðust saman gæti orðið óhapp, en hann sagðist hins vegar hafa talið sig vera með klór í tankinum.

Ákærði sagði að eftir að hann hefði hringt í neyðarlínuna og athugað hvort allir væru komnir út úr byggingunni hefði hann hringt í meðákærða og á meðan hann hefði verið með hann í símanum hefði hann hlaupið að tankinum og rýnt í miðann. Þar hefði þá staðið “Ediksýra 80%”, bæði á íslensku og ensku. Meðákærði hefði þá strax skellt á og hringt í Þorstein. Stuttu síðar hefði ákærði fengið símtal frá Þorsteini og hann tjáð honum hvað hefði gerst. Sagðist ákærði þá hafa rétt Jónasi lögregluvarðstjóra símann og hann talað við Þorstein.

Ákærði sagðist aldrei hafa flutt ediksýru og sagðist hann hafa vitað að hann hefði ekki réttindi til þess. Hann sagði að honum hefði því ekki dottið í hug að um ediksýru væri að ræða. Hann sagði að umrætt skipti hefði verið í fjórða sinn sem hann fór með klór í sundlaugina á Eskifirði og þá hefðu klórtankarnir verið alveg eins og sá sem reyndist innihalda ediksýru. Merkingar eða miðarnar á tönkunum hefðu einnig verið alveg eins.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 30. júní 2006 sem er í samræmi við skýrslu hans hér fyrir dómi.

Þórhallur Árnason lögregluvarðstjóri sagði að umræddan dag hefði lögregla fengið tilkynningu frá fjarskiptamiðstöð um klórslys við sundlaugina. Þeir hefðu þá verið staddir skammt frá sundlauginni og haldið þegar á vettvang. Þegar þangað kom hefðu flestir sundlaugargestir verið komnir út úr byggingunni og mörgum þeirra, m.a. börnum, liðið mjög illa og þau kastað upp. Tveir menn sem hefðu verið við vinnu í kjallaranum hefðu verið illa haldnir, þ.e. hóstað og átt erfitt með andardrátt. Hann sagðist hafa talað strax við Árbjörn Magnússon sundlaugarvörð og spurt hann hvort fleiri gestir væru í lauginni en hann hefði talið að svo væri ekki. Sagðist hann þá hafa hringt í neyðarlínuna og beðið um mikla aðstoð. Þá sagðist hann hafa fengið aðstandendur og aðra sem hefðu verið komnir á vettvang til að sinna hinum illa höldnu og þá sérstaklega börnunum. Þá sagðist hann hafa óskað eftir aðstoð frá fleiri lögreglumönnum. Þegar hann hefði verið búinn að tryggja vettvang hefðu drifið að lækna og annað sjúkralið með sjúkrabíla. Eftir að björgunarlið var komið á staðinn hefði verið farið í það að flytja fólk á heilsugæslustöðina og koma því undir læknishendur. Í fyrstu hefðu þeir ekki áttá sig á því yfir hversu stórt svæði mengunin hefði dreifst. Síðar hefði leikskóli, sem væri 200-300 m norðaustan við sundlaugina, verið rýmdur og einnig hefði hluta svæðisins verið lokað. Þá hefði verið komið upp neyðarhjálparstöðvum.

Hann sagðist hafa hitt ákærða X á staðnum og hann hefði verið mjög miður sín. Hann hefði hins vegar brugðist alveg rétt við aðstæðum. Einnig sagðist hann hafa hitt ákærða Samúel á vettvangi og átt við hann stutt samtal.

Elvar Óskarsson lögreglufulltrúi sagðist hafa verið að vinna í máli á Eskifirði þegar þetta gerðist. Borist hefði tilkynning um að eitthvað hefði gerst, sem hefði verið óljóst í byrjun. Hann sagðist ekki hafa komist alveg strax frá, en farið síðar á vettvang og þá hefði veriðúið að flytja alla á heilsugæslustöðina. Hann hefði farið í það að aðvara fólk vestan við sundlaugina þar sem vindur hefði legið yfir frá kjallara sundlaugarinnar. Hann sagði að ákveðið hefði verið að rýma leikskóla í nágrenninu til öryggis, en að öðru leyti hefði fólk í nágrenninu verið varað við hættunni. Hann lýsti loks því sem komið hefði fram við rannsókn málsins og var frásögn hans í samræmi við rannsóknarskýrslu vitnisins á skjali merktu I, 2-1 til 2-7. Hann sagði að merkingar á brettatankinum hefðu verið máðar, en hins vegar hefði ekki verið erfitt að lesa hvað stóð á miðanum, sbr. ljósmynd á skjali merktu I, 2-3. Hann sagði að bifreiðin með brettatankinum innanborðs hefði verið haldlögð með samþykki Samúels þar til aðilar frá eftirlitinu hefðu skoðað tankinn ásamt lögreglu. Að lokinni skoðun hefði bifreiðin og tankurinn verið afhent starfsmanni Olís.

Víðir Kristjánsson, efnafræðingur og deildarstjóri hjá Vinnueftirliti ríkisins, sagðist hafa skoðað vettvang eftir umrætt atvik. Hann sagði að ljóst væri að klórefni og ediksýra hefðu blandast saman og myndað eittrað klórgas. Hann sagði að klórgas væri mjög ertandi fyrir lungu og öndunarfæri og gæti í miklu magni valdið alvarlegum skaða. Klórgas væri miklu þyngra en loft og færi því með jörðinni. Hitastig og hreyfing loftins, s.s. vindur, gæti hins vegar borið gasið áfram. Hann sagði að klórgasið hefði átt greiða leið út um op á tankinum og síðan út um opnar dyr á klórgeymslunni og kjallaranum. Hann staðfesti skýrslu sína um atburðinn dags. 29. júní 2006 á skjali merktu IV, 2-1.

Arnfríður Hafþórsdóttir lögreglumaður sagðist hafa verið gestur í sundlauginn þegar atvikið gerðist og einnig verið starfandi lögreglumaður á Eskifirði. Sagðist hún hafa verið stödd í barnalauginni þegar hún hefði orðið vör við lykt, sem komið hefði yfir laugina og fundið að hún átti erfitt með að ná andanum. Hún hefði því drifið sig á fætur og farið í það ásamt öðrum foreldrum að koma börnunum upp úr sundlauginni. Hún sagðist vera nýkomin úr hlaupaprófi, sem hún færi í vegna starfs síns og þar hefði hún reynst vera andstyttri en venjulega. Eftir væri að rannsaka hvort það tengdist þessum atburði. Hún sagðist hafa fundið fyrir einhverjum einkennum skömmu eftir atburðinn, en hún hefði hins vegar ekki haft tíma til að hugsa um það vegna anna í tengslum við atburðinn. Hún kannaðist hins vegar við að hafa fengið einkenni frá hálsi, einkum særindi og hósta eins og fram kæmi í læknisvottorði á skjali merktu IV, 12, 7-1.

Árbjörn Magnússon sagðist hafa hitt ákærða X þegar hann hefði komið með klórtankinn og sagðist hann hafa opnað fyrir honum klórgeymsluna. Síðan hefði hann þurft að skreppa frá og þegar hann hefði komið til baka hefði ákærði verið búin að tengja slönguna á milli tankanna og að byrja að láta renna í birgðatankinn. Skömmu síðar hefðu þeir orðið var við ský niðri í tröppuganginum og á sama tíma hefði gosið upp mjög sterk lykt. Þá hefðu þeir ákærði verið staddir við bílinn. Ákærði hefði strax áttað sig á því hvað var að gerast og sagt honum að hringja á slökkviliðið. Lögreglan hefði komið mjög fljótlega á staðinn og þá hefði ákærði einnig verið búinn að hringja í neyðarlínuna og biðja um læknishjálp. Lögreglan hefði síðan hringt aftur í neyðarlínuna og tilkynnt um hópslys. Starfsfólkið sem var inni í sundlaugarbyggingunni hefði farið í það að reka fólk upp úr sundlauginni og út úr byggingunni. Hann sagðist hafa leitað sér lækniástoðar en ekki hlotið skaða af klórgasinu. Hann kannaðist hins vegar við að hafa haft einkenni í augum, hálsi og berkjum og að hafa fengið súrefni og sterasprautu eins og fram kæmi á læknisvottorði á skjali merktu, IV,12, 9-1. Hann sagðist hafa jafnað sig að fullu eftir atburðinn.

Hann sagði að rétt væri að sundlaugargestir hefðu þurft að fara í gegnum sundlaugarbygginguna til að komast út þar sem það hefði verið eina útgönguleiðin. Engar breytingar hefðu verið gerðar á byggingunni eftir slysið að öðru leyti en því að loftræstingunni í kjallaranum hefði verið breytt.

Jens Kristjánsson sagðist hafa verið við vinnu í kjallara sundlaugarbyggingarinnar þegar atvikið átti sér stað. Þeir hefðu orðið var við að eitthvað var í loftinu og að erfitt hefði verið um andardrátt. Þeir hefðu því flýtt sér út. Síðar hefði drifið að sjúkralið sem hefði aðstoðað þá, en þeir hefðu átt erfitt með andardrátt. Hann sagðist ekki hafa náð sér eftir atvikið og væri enn mæðinn og úthaldslítill. Hann

sagðist hafa verið lagður inn á sjúkrahúsið á Akureyri og legið þar í þrjá sólarhringa. Þá sagðist hann vera til meðferðar hjá læknum vegna þeirra einkenna sem hann hefði eftir umrætt atvik.

Óðinn Logi Þórisson sagðist hafa verið við vinnu með Jens Kristjánssyni í kjallara sundlaugarbyggingarinnar þegar atvik málsins gerðust. Þeir hefðu verið að vinna með grímur og þegar þeir hefðu tekið þær af sér á leiðinni í mat hefðu þeir átt erfitt með andardrátt. Þeir hefðu þá tekið til fótanna og flýtt sér út. Hann sagðist hafa fengið astma eftir atvikið og væri t.d. viðkvæmur fyrir ryki. Hann sagðist kannast við að hafa verið með einkenni frá augum, nefi og lungum og fengið stera. Einnig sagðist og kannast við að hafa verið fluttur í sjúkrahúsið með forgangi á sjúkrahúsið í Neskaupsstað og síðan með sjúkraflugi á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, allt eins og fram kæmi í læknisvottorði á skjali merktu IV, 12.41-1. Eftir það hefði hann verið í stöðugum æfingum og tekið inn lyf. Hann sagðist ekki hafa haft nein astmaeinkenni áður en þetta gerðist.

III.

Niðurstaða

Í máli þessu er ákærðu gefið að sök almannahættubrot með því að hafa í umrætt sinn afgreitt og flutt til Eskifjarðar 1000 lítra af ediksýru í tanki merktum “EDIKSÝRA 80 %” í stað 1000 lítra af 15% klórlausn, og að hafa síðan dælt hluta af innihaldi tanksins yfir á klórtank sundlaugarinnar á Eskifirði sem leitt hafi til þess að eitruð lofttegund, klórgas, myndaðist með þeim afleiðingum að 45 einstaklingar á svæðinu urðu fyrir eitúráhrifum gassins.

Fyrir dóminn kom Víðir Kristjánsson efnafræðingur og deildarstjóri hjá Vinnueftirliti ríkisins, en hann rannsakaði vettvang. Hann staðfesti að í umrætt sinn hefði klórefni og ediksýra blandast saman og myndað eitruð klórgas. Hann sagði og að klórgas væri mjög ertandi fyrir lungu og öndunarfæri og gæti í miklu magni valdið alvarlegum skaða.

Í málinu hafa verið lögð fram áverkavottorð vegna 53 einstaklinga sem komu til skoðunar á heilsugæslustöðinni á Eskifirði í kjölfar atviksins. Samkvæmt vottorðunum fengu 45 þessara einstaklinga einhver einkenni vegna eitúráhrifa klórgassins, sem voru í flestum tilvikum sviði í augum, særindi í hálsi og önnur einkenni frá berkjum og lungum, svo sem sviði og hósti. Sumir kvörtuðu einnig um flökurleika og aðrir um þyngsli fyrir brjósti og að þeir ættu erfitt með andardrátt. Allmargir voru fluttir á sjúkrahús til frekari skoðunar og meðhöndlunar, þar af voru nokkrir fluttir með forgangi á sjúkrahúsið á Neskaupsstað og enn aðrir með sjúkraflugi á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og Landspítalann í Reykjavík. Dvöldu nokkrir á sjúkrahúsi yfir nótt eða lengur. Í mörgum tilvikum mun ekki vera hægt að útiloka heilsutjón viðkomandi fyrr en eftir eitt til tvö ár frá umræddum atburði.

Meðal þeirra sem greind voru með einkenni vegna eitúráhrifa klórgassins voru þau Arnfríður Hafþórsdóttir lögreglumaður, Árbjörn Magnússon sundlaugarvörður og þeir Jens Kristjánsson og Óðinn Logi Þórisson, sem voru við vinnu í kjallara

sundlaugarinnar þegar klórgasið myndaðist. Þau komu öll fyrir dóminn og staðfestu að hafa fundið fyrir einkennum þeim, sem getið væri um í framlögðum áverkavottorðum vegna þeirra. Þeir Jens og Óðinn Logi sögðust hvorugir hafa náð sér eftir atvikið. Sagðist Jens enn vera mæðinn og úthaldslítill og vera til meðferðar hjá læknum og Óðinn Logi sagðist vera með astma eftir atvikið.

Samkvæmt áðurgreindum áverkavottorðum voru þeir, sem greindir voru með einkenni vegna eitúráhrifa klórgassins, staddir víðs vegar um sundlaugarsvæðið, bæði inni í sundlaugarbyggingunni og í sundlauginni sjálfri. Þá voru tveir þessara einstaklinga staddir á leikskóla í nágrenninu. Ljóst er því að klórgasið dreifðist víða um svæðið og að fjölmargir urðu fyrir heilsutjóni vegna eitúráhrifa þess þó í mismiklum mæli hafi verið. Ljóst er og að hætta skapaðist á því að fjöldi fólks sem var á sundlaugarsvæðinu yrði fyrir eitúráhrifum gassins.

Þáttur ákærða Samúels Sigurðssonar.

Ákærða Samúel Sigurðssyni er gefið að sök að hafa í starfi sínu sem stöðvarstjóri Olís á Reyðarfirði afgreitt áðurgreint magn af ediksýru í tanki merktum “EDIKSÝRA 80%” í stað 15% klórlausnar sem nota átti í sundlaug Eskifjarðar og að hafa gefið meðákærða fyrirmæli um að fara með tankinn til Eskifjarðar og dæla innihaldi hans á klórtank sundlaugarinnar.

Fram kom hjá ákærða að hann hafi á þeim tíma sem um ræðir gegnt starfi svæðisstjóra Olís á Austurlandi og annast sölu og dreifingu á vörum fyrirtækisins þar. Meðal gagna málsins er pöntun Olís á Reyðarfirði á vörum frá lager fyrirtækisins í Reykjavík dags. 19. júní 2006, en fram hefur komið að ákærði sá um að panta þessar vörur. Þar kemur fram að pantaðir hafa verið 12 tankar af 80% ediksýru, og einn tankur af 15% klór, auk fleiri vara. Fram kom hjá ákærða að ediksýran og klórefnið væru í eins tönkum og að á þeim væru sambærilegar merkingar, þ.e. eins að lit og lögum. Ljóst er af framlögðum ljósmyndum af tanki þeim, sem fluttur var til Eskifjarðar í umrætt sinn, að á honum voru tveir merkimiðar, annar á ensku m.a. með áletruninni “Acetic acid solution” og “Acide acetique 80%”, svo og “corrosive” og á íslensku með áletruninni “EDIKSÝRA 80%”. Ljóst er og að áletranir þessar voru greinilegar og vel læsilegar þótt merkimiðinn með íslensku áletruninni hafi verið nokkuð máður. Er það og í samræmi við framburð meðákærða, sem las á merkingar á tankinum eftir að atvikið átti sér stað og framburð vitnisins Elvars Óskarssonar lögreglumanns, sem bar hér fyrir dómi að merkingarnar hefðu verið máðar en að ekki hefði verið erfitt að lesa hvað á þeim stóð.

Ákærði hefur borið um það að hafa ekki athugað sérstaklega merkingar á umræddum tanki þegar hann fékk hann afhentan frá flutningafyrirtækinu heldur aðeins kvittað á fylgibréf fyrir afhendingu á honum og fleiri vörum. Á umræddu fylgibréfi, merktu IV, 5-3, er skráð “3 tankar” og “5 bretti”. Þar kemur hins vegar ekkert fram um það hvort um ediksýru- eða klórtanka var að ræða. Þá hefur ákærði borið um það að hafa ekki heldur athugað merkingar á tankinum þegar hann tók hann til og kom honum fyrir í sendibifreið fyrirtækisins áður en hann var fluttur til Eskifjarðar. Sagðist ákærði ekki hafa talið sig hafa ástæðu til þess þar sem hann hefði pantað klór og tankurinn verið afhentur honum sem klórtankur.

Ákærði bar um það hér fyrir dómi að hann hefði gert sér grein fyrir að ekki mætti blanda saman klór og ediksýru en sagðist þó ekki hafa gert sér grein fyrir hættunni sem af því gæti skapast. Af framburði hans að öðru leyti verður þó ráðið að hann hafi gert sér grein fyrir að um hættuleg efni væri að ræða. Sagði hann að ediksýran hefði ávallt verið geymd sér og ekki verið afgreidd með öðrum efnum eins og klór. Einnig að ediksýran hefði aldrei komið inn á athafnasvæði fyrirtækisins heldur verið geymd í gámi á athafnasvæði Eimskipa á Eskifirði eða geymslu sem Olís hefði aðgang að á hafnarsvæðinu á Reyðarfirði. Loks kom það fram hjá ákærða að honum hefði verið kunnugt um það að sérstök réttindi, svokölluð ADR-réttindi, þyrfti til flutnings á miklu magni af ediksýru. Sagðist ákærði aldrei hafa flutt ediksýru enda hefði hann ekki réttindi til þess. Hann sagðist hins vegar hafa afgreitt ediksýru úr gáminum á hafnarsvæðinu. Með vísan til framangreinds og langrar starfsreynslu hjá fyrirtækinu verður því að telja að ákærða hafi hlotið að vera ljóst að hætta gæti skapast ef fyrrgreind efni blönduðust saman.

Með hliðsjón af öllu framangreindu, sérstaklega því að ákærði hafði í sömu pöntun pantað bæði klór og ediksýru og að honum var kunnugt um að efni þessi kæmu í nákvæmlega eins tönkum og með sambærilegum merkingum, þykir ákærði hafa sýnt af sér gáleysi með því að lesa ekki á merkingar tanksins áður en hann gaf meðákærða fyrirmæli um að flytja hann til Eskifjarðar og dæla innihaldi hans á klórtank sundlaugarinnar. Er þá einnig horft til stöðu ákærða og margra ára starfsreynslu hans hjá fyrirtækinu, svo og vitneskju hans um að fara yrði með efnin með sérstakri varúð. Með vísan til framangreinds hefur ákærði því gerst sekur um háttsemi þá sem í ákæru greinin og er háttsemin réttilega heimfærð undir 1. mgr. 165. gr., sbr. 167. gr. almennra hegningarlaga.

Þáttur ákærða X.

Ákærða X er gefið að sök að hafa flutt umræddan tank að sundlaug Eskifjarðar, tengt hann með slöngu við klórtank sundlaugarinnar og dælt um 200 lítrum af innihaldi tanksins yfir á klórtankinn án þess að kanna merkingar eða ganga að öðru leyti úr skugga um að hann væri að dæla klórlausn á tankinn.

Ákærði sagðist hafa starfað sem lagermaður hjá fyrirtækinu umrætt sumar, en hann hefði starfað hjá Olís á sumrin allt frá því að hann var 13 ára gamall. Var ákærði á átjándra ári þegar atvik málsins áttu sér stað. Fram hefur komið að ákærði fékk þau fyrirmæli frá yfirmanni sínum hjá fyrirtækinu, meðákærða í máli þessu, að fara með klórtank til sundlaugarinnar á Eskifirði og dæla innihaldi hans yfir á birgðatank sundlaugarinnar. Hafa báðir ákærðu borið um það að meðákærði hafi einn séð um að taka tankinn úr gáminum þar sem hann var geymdur og koma honum fyrir í sendibifreiðinni. Þegar ákærði hafi komið að verki hafi meðákærði verið búinn að ferma bifreiðina og hún verið tilbúin til flutnings á tankinum til Eskifjarðar. Hefur ákærði borið um það að hann hafi ekki athugað farminn sérstaklega áður en hann lagði af stað til Eskifjarðar að öðru leyti en því að hann hefði séð hefðbundin klórtank aftur í bílnum. Einnig hefur ákærði borið um það að hann hafi ekki athugað sérstaklega merkingar á tankinum áður en hann tengdi slöngu á milli hans og birgðatanks sundlaugarinnar og hóf dælingu. Sagðist hann hins vegar hafa séð miðann út undan sér og kannast við hann, enda hefði hann verið eins og miðarnir sem væru á klórtönkunum.

Fram hefur komið hjá ákærða að hann hafi aldrei í starfi sínu hjá fyrirtækinu flutt eða afgreitt ediksýru enda hafi honum verið kunnugt um að hann hefði ekki réttindi til þess. Því hefði honum ekki dottið í hug að ediksýra væri á tankinum sem hann flutti til Eskifjarðar. Ekkert er fram komið í málinu sem hnekkir þeirri staðhæfingu ákærða að hann hafi aldrei annast afgreiðslu á ediksýru eða meðhöndlað hana með öðrum hætti í starfi sínu hjá Olís. Þá hefur komið fram ediksýra var ekki geymd á lager fyrirtækisins heldur á athafnasvæði Eimskipa á Eskifirði eða í sérstakri geymslu á hafnar­svæðinu á Reyðarfirði. Eins og áður hefur komið fram eru ediksýra og klórefni geymd í nákvæmlega eins tönkum og með sambærilegum merkingum.

Með hliðsjón af ungum aldri ákærða, stöðu hans hjá fyrirtækinu og því að hann hafði fengið þau fyrirmæli frá yfirmanni sínum að flytja klórtank til sundlaugarinnar á Eskifirði, svo og með hliðsjón af því að ediksýra var ekki geymd á lager fyrirtækisins og ákærði hafði ekki flutt eða meðhöndlað hana í starfi sínu þykir ákærði ekki hafa haft sérstaka ástæðu til þess að efast um það að á tankinum aftur í bifreiðinni væri klór. Þykir því varhugavert með vísan til alls framangreinds að virða það ákærða til gáleysis í sakamáli að hafa ekki athugað merkingar á tankinum áður en hann hóf að dæla innihaldi hans yfir á birgðatank sundlaugarinnar. Ber því að sýkna ákærða X af refsikröfu ákæruvalds í málinu.

Ákærði, Samúel, hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða hegðun. Við ákvörðun refsingar hans er litið til þess að brot ákærða beindist að mikilvægum hagsmunum og hafði í för með sér mikla hættu fyrir fjölda fólks í og við sundlaugina. Þá er einnig litið til þess að háttsemi ákærða olli því að fjölmargir urðu fyrir heilsutjóni. Á hinn bóginn er litið til þess að ákærði hefur frá upphafi rannsóknar málsins skýrt skilmerkilega frá atvikum og að ákærði veitti lögreglu liðsinni sitt strax á vettvangi. Leitaðist ákærði þannig við að upplýsa málið og draga úr tjóni því sem klórgasmengunin olli. Þá er og litið til þess að atvikið hefur reynst ákærða þungbært andlega. Með hliðsjón af framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi. Þar sem ákærði hefur ekki áður gerst brotlegur þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og ákveða að hún falli niður að liðnum 2 árum frá birtingu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með vísan til 165. gr. laga nr. 19/1991 ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar að fjárhæð 1.008.868 krónur, þ.m.t.málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristínar Edwald hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 452.088 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og útlagðan kostnað hennar að fjárhæð 26.780 krónur.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða X, Brynjars Níelssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 452.088 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðist úr ríkissjóði.

Dóm þennan kveður upp Ragnheiður Bragadóttir dómstjóri. Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákærvalds.

Ákærði, Samúel Sigurðsson, sæti fangelsi í 30 daga en fullnustu refsingarinnar er frestað og skal hún falla niður að liðnum 2 árum frá birtingu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Samúel greiði sakarkostnað að fjárhæð 1.008.868 krónur, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristínar Edwald hrl., að fjárhæð 452.088 krónur og útlagðan kostnað verjandans að fjárhæð 26.780 krónur.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða X, Brynjars Níelssonar hrl., að fjárhæð 452.088 krónur greiðist úr ríkissjóði.

Ragnheiður Bragadóttir